

Suðurnesjabær
Sunnubraut 4
250 Garður

Reykjavík, 9. desember 2024
UST202411-103/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022 – 2034 og nýtt deiliskipulag – Gauksstaði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gauksstaði í Garði.

Í greinargerð kemur fram breytingin á aðalskipulaginu nær til reits VP6 þar sem breytingin felst í að hámarksstærð smáhýsa eykst út 30 m² í 47 m² og hámarksbyggingarmagn á reitnum eykst því úr 800 m² í allt að 1.050 m². Auk þess segir að í deiliskipulagi er fyrirhugað er að útbúa gistirými fyrir allt að 50 manns í 15 ferðapjónustu húsum auk þjónustubyggingar.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð aðalskipulags segir að hluti svæðið sé á náttúruminjaskrá og nefnist það *Fjörur og tjarnir á Romshvalanesi* en svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „*Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávertjarnir og mikið fuglalíf.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í deiliskipulaginu og fjalla sé um áhrif tillögunnar á verndargildi svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 19. desember 2022 varðandi heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins kom fram:

Þróun þéttbýlis og uppbygging

Í umhverfismati eru skoðaðir valkostir varðandi þróun þéttbýlis. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í umhverfisskýrslunni að líta beri á nálægð við náttúruna og verndarsvæði sem styrkleika frekar en veikleika. Með þéttingu byggðar er m.a. verið að leggja áherslu á uppbyggingu á þegar röskuðum svæðum og að byggð þenjst ekki út á óröskuð svæði með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að horft sé til þess að verndar- og útivistarsvæði sveitarfélagsins er við ströndina. Því er mikilvægt að lögð sé áhersla á við gerð tillögunnar að þróun þéttbýlisins taki mið af því og að uppbygging þéttbýlis leiti ekki í átt að náttúruverndarsvæðum. Frekari uppbygging innan verndarsvæða mun hafa neikvæð áhrif á þau að mati stofnunarinnar.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita frá starfsemi mun tengjast fráveitukerfi bæjarins. Umhverfisstofnun bendir á að þéttbýlið losar undir 2.000 persónueiningar af skólpi (skv. Stöðuskýrslu

fráveitumála á Íslandi 2022¹) og er því krafa um viðeigandi hreinsun á skólpi samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þéttbýlið Garður uppfyllir ekki kröfur reglugerðarinnar um hreinsun og úr því þarf að bæta sem fyrst með tímasettum áætlunum. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að skv. 15. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp á heilbrigðisnefnd að samþykkja nýjar og endurbættar fráveitur.

Aðgengi almennings

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gönguleið sé sýnd meðfram ströndinni á deiliskipulagsupprætti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2022_2.pdf